

Borgarráð 27. júlí 2023: Tillaga borgarráðsfulltrúa Sósíalístaflokks Íslands um sjálfkrafa breytingar húsnæðisbóta MSS2307009

Borgarráð samþykkir að hækka sérstakar húsnæðisbætur sjálfkrafa í hverjum mánuði, þannig að verðgildi þeirra haldist í við vísitölu húsaleigu. Byrjað verði á því að stilla bæturnar inn á raungildi sitt frá því árið 2016, þegar hámarksfjárhæð sérstaks húsnæðisstuðnings var 82.000kr. Sé verðgildi þeirrar upphæðar reiknuð fram til dagsins í dag, samsvarar hún 111.000kr. Í kjölfarið verði húsnæðisbæturnar miðaðar við vísitölu húsaleigu og hækki sjálfkrafa í takt við þær.

Greinagerð:

Í nóvember árið 2016 var samþykkt að hækka hámarksfjárhæð sérstaks húsnæðisstuðnings upp í 82.000kr. Sé verðgildi þeirrar upphæðar yfirfærð til dagsins í dag hljóðar hún upp á 111.000kr. Á fundi borgarráðs þann 13. júlí sl. var reglunum breytt þannig að hámarksupphæðin fór upp í 100.000kr. Rýrnun hefur því átt sér stað á sérstökum húsnæðisbótum frá árinu 2016. Ef þær hefðu haldið í við verðlag væru þær nú 111.000kr. en ekki 100.000kr. Því er lagt til að hámarksfjárhæð sérstaks húsnæðisstuðnings verði miðuð við upphæðina árið 2016 á núverandi verðgildi. Húsaleiga hefur þar að auki hækkað 45% umfram verðlag. Þannig hefur hlutdeild sérstakra húsnæðisbóta enn frekar tapað verðgildi sínu með tilliti til hversu háa hlutdeild hún hefur gagnvart húsaleigunni sjálfri. Laun borgarfulltrúa taka hækkunum sjálfkrafa miðað við vísitölu. Það sama ætti að gilda um fólk sem fær húsnæðisbætur, en það bíður alltof oft lengi eftir hækkunum, sem auk þess halda ekki í við verðlag. Allt fólk er jafn verðmætt og á skilið sömu framkomu og leikreglur óháð stétt og stöðu.